

AUGLÝSING

um deiliskipulag og deiliskipulagsbreytingu í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Bláskóga-
byggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir/deiliskipulagsbreytingar:

1. *Hellishóll í landi Laugardalshóla í Laugardal, deiliskipulag.*
Deiliskipulagið gerir ráð fyrir þremur frístundalóðum við Hellishól, ofan þjóðvegur í
landi Laugardalshóla. Aðkoma er frá núverandi tengingu við þjóðveg.
2. *Rimaþjörn í landi Leynis í Laugardal, deiliskipulag.*
Deiliskipulagið gerir ráð fyrir 28 frístundalóðum á um 20 ha svæði og liggur
norðaustan Böðmóðsstaðavegar að landi Efsta-Dals og að vegi að Bleikhóli, lóðirnar
eru 5.000-8.000 m² að stærð.
3. *Stekkur í landi Snorrastaða í Laugardal, breyting á deiliskipulagi.*
Breytingin nær til 1,5 ha lands við Stekká þar sem gert er ráð fyrir þremur lóðum sem
allar eru 5.000 m² að stærð.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.
Skipulagið/skipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 30. maí 2006.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 14. júní 2006